

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 25/97  
frá 30. apríl 1997**

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/97 frá 14. mars 1997<sup>(1)</sup>.

Tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 37. lið í XIII. viðauka við samninginn:

„37a. 396 L 0048: Tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins (Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 6), eins og hún var leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 262, 16. 10. 1996, bls. 18.“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 6.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 96/48/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 30. apríl 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

C. Day

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner